RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Smári Björnsson
Kt. 1002755899
Dags. 20.11.2024 12:18:09
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gunnar H Kristjánsson
Kt. 1306663619
Dags. 20.11.2024 13:36:34
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Hafnarfjarðarkaupstaður - Byggingarfulltrúi
Dags. 21.11.2024 09:28:42
Ástæða: byggingaráform samþykkt 20.11.2024

BYGGINGARLÝSING/GREINAGERÐ
Dalshraun 13, rými 0104
Húsið var byggt árið 1977
í rýminu er matstölustaður, og nú er sótt um að uppfæra teikningu
miðað við brunavarnir samkvæmt ábendingum frá
slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Landeignarnúmer L120265

engar stærðarbreytingar verða við þessa breytingar.

## BRUNAVARNIR

Eftirfarandi greinargerð brunavarna er frá Brunahönnun slf (mál nr. 24-167) í nóvember 2024 fyrir Dalshraun 13.
Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a.

### Breytingar

Um er að ræða breytingar á innra skipulagi í bili (104) í mhl.1. Verið að fjarlægja brunahólfun af teikningum milli eldhúss og salar og fyrirskrifa mótvægisaðgerðir vegna þess.

### Flokkun og notkun byggingar

Rýmið er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða veitingastað í bili 104 í Dalshrauni 13.
Veitingastaðurinn skiptist í eldhús, matsal og stoðrými.

### Brunahólfun

Veitingasalur ásamt eldhúsi og stoðrýmum er eitt brunahólf, um 190 $m^2$.
Frávik og rökstuðningur: Þetta telst ásættanlegt með tilkomu sjálfvirks slökkvikerfis í eldunarháf.

### Burðarvirki

Brunamótstaða aðalburðarvirkja er talin vera a.m.k. R60 (steinsteypt).
Brunamótstaða aðalburðarvirkis þaks er a.m.k. R60.

### Klæðningar

Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501-1.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Gólfefni í eldhúsi eru í flokki Cfl-s1.
Gólfefni í veitingasal og annar staðar eru í flokki Dfl-s1.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

### Flóttaleiðir

Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang.
Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá veitingasal. Önnur leiðin er í gegnum eldhús.
Gert er ráð fyrir allt að 60 gestum.
Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá eldhúsi.
Flóttahurðir skulu útbúnar með neyðarhúnum skv. ÍST EN 179.
Rafdrifin flóttahurð í aðalinngangi skal vera með vararafmagni.

### Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi er á veitingastaðnum skv. ÍST EN 54 og reglum HMS.
Stjórnstöð og yfirlitsmynd er
við inngang bakatil í starfsmannarými. Kerfið er tengt viðurkenndri vaktstöð.
Ljósmerki skulu vera í veitingasal sbr. kröfur um algilda hönnun.

### Loftræsikerfi

Ekki er reiknað með að loftræsikerfi fari á milli brunahólfa.
Útsog frá eldunarháfi í eldhúsi er um heilsoðið rör sem uppfyllir a.m.k. E30. Það fer beint upp úr þaki og er einangrað a.m.k. EI30 þar sem það gengur í gegnum þak.

### Slökkvikerfi

Sett er upp handvirkt og sjálfvirkt slökkvikerfi fyrir eldunarháf skv. NFPA 17a. Kerfið tengist viðurkenndri stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis og skal slá út rafmagni í eldhúsi þegar slökkvikerfið virkjast.

### Reyklosun

Reykræsing er almennt um glugga og hurðir.

### Slökkvitæki

Handslökkvitæki eru sett upp skv. teikningum, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu. S lökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3-7. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

### Leiðar- og neyðarlýsing

Leiðar- og neyðarlýsing er í allri byggingunni skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing er 5 lux yfir slökkvitækjum og í eldhúsi.
Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum" (1 lux) er á flóttaleiðum.
Neyðarlýsing skv. "opnum svæðum" (0,5 lux) er í veitingasal og salernum fatlaðra.
Leiðarljós eru við alla útganga og leiðarmerkingar þar sem þörf er talin á þeim, t.d. í gegnum eldhús.

### Brunaþéttingar

Brunaþéttingar skulu uppfylla sömu kröfur og viðkomandi brunahólfandi veggir og hæðaskil og vinnast af viðurkenndum aðilum.

### Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði, slökkvikerfi í háf, leiðar- og neyðarlýsingu).
Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir veitingastaðinn American Style í Dalshrauni 13, Hafnarfirði.




GRUNNMYND 1/100




shs 19.11.2024

| | | |
|---|---|---|
| DALSHRAUN 13 | RÝMI 0104 | |
| GRUNNMYND, AFSTAÐA, LÝSING | | nr.1 |
| MKV: 1:100 | DAGS: 12.11 - 2024 | A2 |
| smari.bjornsson@gmail.com | SÍMI: 868 1300 | |
| Smári Björnsson kt.1002755899 | | |